

Aðalstjórn Völsungs

7.2.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Hallgrímur Jónsson, Davíð Þórólfsson, Jónas Björk Gunnarsdóttir, Bergþóra Höskuldsdóttir, Heiða Elín Aðalsteinsdóttir og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Minnisblað frá fundi með FSH

Hafnar eru viðræður við Framhaldsskólann á Húsavík um samstarf í kringum afreksíþróttir. Jónas Halldór og Jóhann Kristinn fóru á fund með fulltrúum framhaldsskólans 5.2.2019.

Stjórnin fagnar þessu jákvæða skrefi í átt að festa í sessi afreksíþróttaráfanga á Húsavík.

2. Minnisblað frá fundi vegna viðhaldsmála í Vallarhúsi

23. janúar komu fulltrúar frá sveitarfélaginu þar sem farið var yfir vallarhúsið og þau viðhaldsverkefni sem liggja fyrir á komandi misserum.

Þökkum heimsóknina og erum ánægð með að viðhaldsvinna sé farin af stað.

3. Minnisblað frá fundi með íþrótt- og tómstundafulltrúa

Minnisblað frá fundi við íþrótt- og tómstundafulltrúa frá 28.1.2019.

Lagt fram.

4. Samstarfssamningur Völsungs og Íslandsbanka

Líkt og undanfarin ár hefur Völsungur og Íslandsbanki gert með sér samstarfssamning sem hefur það að markmiði að styðja íþróttafélagið í íþróttalegu- og uppeldislegu hlutverki sínu á Húsavík. Samningurinn var samþykktur af hálfu Völsungs í tölvupósti og undirritaði framkvæmdastjóri Völsungs samninginn fyrir hönd félagsins 5.2.2019. Samningurinn gildir út árið 2019.

Þökkum Íslandsbanka fyrir áframhaldandi samstarf.

5. Skyndihjálparnámskeið

Stefnt verður á að halda skyndihjálparnámskeið sem verður í boði fyrir alla þjálfara félagsins fyrir páska.

6. Fundur með formönnum/forsvarsmönnum deilda

Fyrir liggur að halda formannafund. Á fundinum þarf að fara yfir starf félagsins og kynna nýlega undirritaðan samning við sveitarfélagið.

Stefnt verður á að halda formannafund í febrúar.

7. Jákvæður agi

Stefnt verður á að halda kynningu á jákvæðum aga í samstarfi við sveitarfélagið fyrir vorið. Í framhaldinu mun Pálmar Ragnarsson halda fyrirlestur fyrir þjálfara félagsins um jákvæð samskipti á æfingum.

8. Jafnréttisáætlun

ÍSí og Jafnréttisstofa hafa lokið vinnu við gerð jafnréttisáætlunar sem ætlaðar eru fyrirmyndarfélögum ÍSí til notkunar.

Jafnréttisáætlunin er samþykkt og er framkvæmdastjóra falið að senda samþykki fyrir hönd Völsungs og birta á heimasíðu félagsins.

Fundi slitið: 17:50